# Byggingar-Bref.



Jorden

liggiande i

med

Landſkúld, og Kwgild er
her med til Abylis bygd, og til allra
rettra Leigulida Nota og Brwkunar
heimilud, þeſſa Byggingar-Brefs
)( Fram-

Framvijsara,

med eptirfylgiandi Skil-

malum:

I.

Skal hann ærlega innann þess Fyrsta Julii Mænadar, hafa ad fullu goldid hvers Ars æfallna Landskuld af Jørdunni, og betala i nærsta Kaupstad, i Reikning Hwssboonda sijns, edur og gialda hana heim til hanns, ad umgetnum Sølum, med Peningum, edur so gildum Aurum, sem Hwssboondi kann eins vel ænægdur med ad vera, og Peninga.

Sømuleidis skal hann Smiørleigur ærlega goldid hafa, ad Mikials-Messu æ Haust, eptir Kwgildi Jardarinnar, heim til Hwssboonda sijns, edur til þess Stadar, sem hann løglega tilsegir.

2.

Asaudar Kwgildi æbyrgist Leiguliđi sialfur, fyrir øllum uppvækomande Tilfellum, æn þess ad Hwss-

boondi

boondi þau nockurn Tijma uppbæti. Enn gängi Kyr-Kwgildi wr, fyri þær Sakir, sem Leigulida ad Løgum ei ber til ad svara, og løglega af hønum verdur bevijsad, þa tekur hann sialfur til sijn þa wrføllnu Kw, enn setur aptur løggilda Kw i Innstædu, a mooti Uppboot af Hwsbøondanum, eptir Samkomulagi, og billegri Landsveniu.

3.

Jørdena ræktar hann so, ad ärlega ad Hausti, sieu, i þad minnsta, Fiørutyge Hesta Hløss fullkominn, borinn a hveria Dagslättu Vallar. Auk þess kappkostar hann, af fremsta Megni, ser og Jørdunni til besta, ad drygia Aburdinn med øllu møgulega fáannlegu, og þar til nytsamlegu; So sem: Pwfna Moldu, Mijrar Moldu, Veggia Moldu, fwnu Skoogar Lauf, Lijngi og Mosa, Goolf-Fløgu, trodnum Hwsa Skoosum, fwnu Mødi og Rudda, Hladbleytu, og øllum Bæar Obverra, Sorpi og Øsku, samt Þängi, med fleira, sem Boondi færir i

Flooshaug sinn, so blandist vel vid Myki hanns. Skal hann þar velia Myki-Haug-Stædi, i Lant nockurri, sem eingi sijgur Vøkvi, edur Legur spillist, fra Haugi hanns; Og er best ad þekia med Torfu Sneplum ad nedann, um̃ krijng vandlega.

Se a Jørdunni fmannlegt Mootak til Eldividar, hvad Leigulida vandlega ber ad ransaka og eptir leita, skal hann skyldugur til, ser Mootak i Nyt ad fæ ra, og ei leifist hønum þa, ad brwka Saudatad til Eldsneytis, heldur allt til Aburdar Twninu, og Utvijdkunar þvi, ef møgulegt er. A Twnid veitir hann einnig Vatni, hvar Tækifæri er til, fyri beina Hrausa-Hledslu Vatns Stocka, ofan a Gras-Mootinni, hvar slett er, enn a Ojøfnu, fyri Skurdi.

4.

Eptir lifir hann þeirri Allranadugustu Forordningu af 13. Maii, 1776. um̃ Twngarda Hledslu og Þwfna Slettun, og arlega hledur Sex Fadma langann Steingard, (ef

Steis

Stein er ad fa, ) fyri sig, og eins mikid fyri hvern verkfæran Karlmann, hann heldur: Skal Steingardurinn vera ad Hæd, Tvær Danskar Alnir, enn ad Þyckt, Tvær og Half Alen nedanverdt, og Þriw Qvartel ad ofan, vel og vandlega hladenn. Enn se ei Stein ad fa, hladi ad lijkann Hatt, arlega Atta Fadma langann Torfgard, fyri sialfann sig, og eins mikid fyri hvern sinn verkfæran Karlmann, ad Þyckt ofan og nedan, eins og fyrr var sagt um̄ Steingardinn, enn ad Hæd Niju Qvartel Dønsk, þegar Gardurinn er fullsigenn. Verdi Twnid med hverigu þessa Mooti gyrdt, þa skal þad gyrdast, med løglegum Skurdum, edur Grøfum, eptir nefndrar Forordningar Tilskipan, eins laungum arlega, og fyrr var sagt um̄ Torfgardana. Enn Gyrdinga-Nefnur, edur Hledsla ofan ad gamla Garda, verdur ei framar metinn, enn mælist ad Hæd og Breidd, mooti løggildum Gørdum, eptir Tiltølu.

5.

Jardarinnar Hws uppbyggir

hann og vidheldur, uppa eiginn Kostnad, bædi ad Torfverki og Vidum, so þau aalltijtist, eptir Løgum, forsvaranleg og gagnleg; Lijka so, hvad aahrærir Fiaarhwsanna Byggingu, skal hann innretta þau og byggia, eptir þeirri, þar um allranaadugast giordu, Tilskipan, bædi hvad aahrærir Hwsrymi, Hæd og Glugga, bædi aa Mænir, og yfir Dyrum.

6.

Twn og Engi skal hann aarlega uppvinna; Enn geti hann mist af Engi edur Landi, edur Foodur tekid; þaa bioodi fyrst Landsdrottni; Ei maa hann af Jørdu byggia, og eigi Hwsfoolk inntaka, aan hanns Leifis og Vitundar.

7.

Eckert maa Leigulidi undann Jørdu gaanga laata, sem undir hana legid hefur, edur nu liggur, til Fialls, Laaglendis, edur Fiøru; Enn aasælist nockur hanns Leiguland, skal hann strax tilkynna þad Hwsboonda sijnum.

Sijna Abylis-Jord skal hann og eptir Megni førbetra, ser i Lagi uppaa

Twn

Twn og Engiar, veita Vatni af Mijrunum, og, fyri Skurdi, giøra þær ad Purrlendi, hvar þvi best og haganlegast vidkomid verdur. Byggi Leiguliđi Hws ad niju aa Jørdunni, uppaa sinn Kost, umfram Skyldu, maa hann þad sama ei riwsa, edur burtu taka, enn Hwsboonda Leifis, hønum skal hann þau fyrst til Kaups biooda.

8.

Allt hvad aabrestur hanns løglega Abwd aa Jørdunni, eptir aadur tøldu, uppbætir hann, þaa hann af Jørdunni sig flytur, edur hanns Erfingiar, ef hann þar deyr, med fullkomnu Alagi, eptir skynsamra Manna Vyrdingu og Doomi.

9.

Heima skal hann taka siina Abylis Jørd, edur segia lausri, aarlega, fyri Vetur-Nætur, og i siidarsta Lagi, fyri Jool. Annars skal hann vera siinum Hwsboonda trwr, hollur og hlijdinn, sem einum goodum Landseta epter Løgunum ber.

I O.

Landskuld og Leigur, þær Leigulidi geldur, innfæraft hvert Sinn i hanns Contra-Book, sem Hwsboondinn fær honum, framan vid hveria þetta Byggingar-Bref festist: Hvers vegna Leigulidinn, i hvert Sinn hann nockud betalar, skal hafa sijna Contra-Book med ser ad framvijsa, og innskrifa læta, þad, hann i hvert Sinn betalar; Enn nær hann frꜳ Jørdu fer, afhendir hann Hwsboonda sijnum, bædi Contra-Bookina og Byggingar-Brefid.

I I.

So lengi Leigulidi tekur Vara ꜳ, og heldur her talda Byggingar Skilmꜳla, hefur hann, (og ecki lengur,) Lagaleifi, ad bwa ꜳ fyrr nefndri hanns Abylis Jørdu, og mꜳ ei af henni wtbyggiast.

St. Thorarensen.

Jón Borgfirdingur.

Lit. 1. prentað Mál

[illegible]